



# Fréttabréf Húnavatnshrepps


Á.b.m Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

4.tbl.2017

*Vinátta – Frumkvæði – Gleði - Frelsi*

## Söfnun á rúlluplasti:

*Rúlluplasti verður næst safnað saman í sveitarfélaginu, þriðjudaginn 5. desember og miðvikudaginn 6. desember næstkomandi.*



Verður söfnun á rúlluplasti auglýst betur þegar nær dregur.

## Ljósastaurar:

Á næstunni stendur til að yfirfara ljósastaura í sveitarfélaginu, eru íbúar beðnir að tilkynna bilanir til skrifstofu sveitarfélagsins í síma 452 4660 eða á



netföngin: [zanny@hunavatnshreppur.is](mailto:zanny@hunavatnshreppur.is) eða [einar@hunavatnshreppur.is](mailto:einar@hunavatnshreppur.is) fyrir 7. nóvember næstkomandi.

## Auglýsing um framlagningu kjörskrár og kjörfund í Húnavatnshreppi

Kjörskrá vegna Alþingiskosninga 28. október 2017 liggur frammi á skrifstofu Húnavatnshrepps, á opnunartíma skrifstofu, frá og með 18. október 2017 til kjördags.

Sveitarstjóri.

Kjörfundur í Húnavatnshreppi vegna Alþingiskosninga 28. október 2017 verður í Húnavallaskóla, Húnavöllum (stofu 2).

Kjörfundur hefst klukkan 11:00,  
stefnt er að kjörfundi ljúki klukkan 19:00.

Húnavatnshreppur



Kjörstjórn Húnavatnshrepps

Hunavatnshreppur.is